



HÍÐ ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRAEÐIFÉLAG – HÍN

Hamraborg 6a, 200 Kópavogi

www.hin.is

2) Ályktun um Náttúrufræðinginn og áskrift opinberra aðila:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 27. febrúar 2010 í Kópavogi, hvetur íslensk stjórnvöld og stjórnendur opinberra stofnana á sviði fræðslu, rannsókna og miðlunar til að standa vörð um útgáfu Náttúrufræðingsins, félagsrit Hins íslenska náttúrufræðifélags, og styðja með því móti við miðlun þekkingar og fróðleiks til landsmanna um umhverfismál og íslenska náttúru. Náttúrufræðingurinn hefur verið gefinn út samfelld í rúma sjö áratugi frá árinu 1931. Um er að ræða alþýðlegt fræðslurit þar sem birtar eru greinar um náttúrufræði, jafnt fræðilegar greinar í bland við almennan fróðleik. Margar greinar í ritinu fjalla um rannsóknaniðurstöður á íslenskri náttúru sem eru hvergi birtar annars staðar. Leitast er við að gera efninu skil á aðgengilegan hátt þannig að áhugasamir leikmenn sem og fræðimenn geti haft bæði gagn og gaman af, þó án þess að slakað sé á í kröfum um gæði og áreiðanleika.

Hið íslenska náttúrufræðifélag bendir á að þrátt fyrir menningarlegt og fræðilegt mikilvægi Náttúrufræðingsins gerir smæð íslensks samfélags féluginu örðugt fyrir um að byggja upp stóran hóp meðlima. Stuðningur og þátttaka opinberra aðila getur því skipt sköpum í afkomu ritsins. Undanfarin misseri hefur borið á auknum úrsögnum opinberra bókasafna og skólastofnana úr félaginu. Í ljósi bágs efnahagsástands og kröfu yfirvalda um sparnað og niðurskurð er skiljanlegt að stjórnendur telji hag sinna stofnana gætt með slíkum ákvörðunum. Þó er hætt við að ávinningurinn verði að teljast léttvægur til lengri tíma lítið ef grafið er undan tilveru ritsins og útgáfan leggst af.

Þegar lítið er til þess óeigingjarna framlags sem stór hópur vísindamanna og fagaðila leggur af mörkum við útgáfu Náttúrufræðingsins og þeirrar sérstöðu sem ritið hefur í útgáfu á íslensku fræðsluefni um náttúrufræði verður að telja illskiljanlegt að þeir opinberu aðilar sem hafa skyldum að gegna varðandi fræðslu og miðlun náttúrufræða líti á uppsögn Náttúrufræðingsins sem sparnað.”

Greinargerð.

Útgáfa Náttúrufræðingsins hófst árið 1931 og hefur verið samfelld í rúma sjö áratugi. Árið 1941 keypti Hið íslenska náttúrufræðifélag ritið og hefur Náttúrufræðingurinn verið félagsrit þess síðan. Upphaflegt markmið með útgáfunni var að gefa út alþýðlegt rit um náttúrufræði sem þrátt fyrir margar útlitsbreytingar í gegnum tíðina, hefur haldist allar götur síðan.

Á fyrstu árum útgáfunnar báru ritstjórnarnir að miklu leyti hitann og þungann af skrifum í Náttúrufræðinginn. Mikið af efninu var almennur fróðleikur um náttúrufræði sem þýtt var og endursagt úr erlendum heimildum, enda lítið um bækur eða annað útgefið efni um náttúrufræði tiltækt á íslensku á þeim tíma. Eftir því sem íslenskum náttúrufræðingum fjölgaði jókst fjöldi þeirra sem skrifuðu greinar í ritið og að sama skapi vóg efni um rannsóknir á íslenskri náttúru þyngra. Margar greinar í ritinu fjalla um rannsóknaniðurstöður á íslenskri náttúru sem eru hvergi birtar annars staðar. Í greinasafni Náttúrufræðingsins frá upphafi er að finna fjölda

markverðra greina um íslensk náttúruvísindi allt frá miðbiki síðustu aldar þegar grunnur var lagður að mörgu af því rannsóknastarfi sem stundað er á Íslandi í dag. Framlag íslenskra fræðimanna til útgáfu Náttúrufræðingsins hefur haldist í gegnum tíðina því þrátt fyrir mikla áherslu innan vísindaheimsins á að birta rannsóknaniðurstöður á alþjóðlegum vettvangi eru flestir vísindamenn einnig meðvitaðir um hlutverk sitt að miðla þekkingu sinni til almennings, námsmanna og annarra á innlendum vettvangi. Náttúrufræðingurinn gegnir því mikilvægu hlutverki við miðlun sérfræðiþekkingar til landsmanna og gagnast þar jafnt fróðleiksfúsum einstaklingum og við kennslu í náttúrufræðum. Í Náttúrufræðingnum er leitast við að gera efninu skil á aðgengilegan hátt þó án þess að slakað sé á í kröfum um gæði og áreiðanleika. Hlutverk Náttúrufræðingsins hefur því haldist tvíþætt frá upphafi og verið öðrum þræði alþýðurit með almennum fróðleik og í hinn stað vísindarit.

Með útgáfu Náttúrufræðingsins miðlar Hið íslenska náttúrufræðifélag mikilvægum fróðleik um íslenska náttúrufræði sem nýtist beint og óbeint við kennslu og rannsóknir. Framlag sem aðilar sem sinna fræðslu og vísindum ættu að öðrum kosti erfitt með að afla án ærins tilkostnaðar.

Haustið 2009 urðu tímamót í sögu Náttúrufræðingsins þegar opnað var fyrir aðgang tímaritsins á veraldarvefnum. Með samningi Hins íslenska náttúrufræðifélags og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns tók safnið að sér að taka myndir af öllum eldri árgöngum Náttúrufræðingsins og miðla á vefnum *Tímarit.is*. Aðgangur er öllum opin og hægt er að skoða allt efni Náttúrufræðingsins frá upphafi útgáfunnar árið 1931 til 72. árgangs sem kom út 2004. Fimm ára seinkun verður á birtingu tímaritsins á vefnum þannig að nýjustu fimm árgangarnir á hverjum tíma munu eftir sem áður eingöngu vera aðgengilegir í prentaðri útgáfu. Með tilkomu netaðgangs að eldri árgöngum Náttúrufræðingsins er nú með einfaldri efnisleit hægt að kalla fram upplýsingar um allt efni ritsins frá upphafi. Þar með aukast líkur á að eldri greinar sem fallið hafa í gleysku verði dregnar fram í dagsljósið, öðlist nýtt líf og nýtist bæði leikum og lærðum.

Við útgáfu Náttúrufræðingsins starfar ritstjóri í launuðu hlutastarfi. Honum til aðstoðar er sjö manna ritstjórn skipuð af stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags og samanstendur af sérfræðingum með fjölbreyttan bakgrunn á sviði náttúruvísinda. Allt innsent efni er lesið yfir af ritstjóra og ritstjórn sem sjá til þess að efni ritsins uppfylli kröfur um læsileika og fagleg vinnubrögð. Allar greinar með frumbirtingar á rannsóknaniðurstöðum eru einnig ritrýndar utan ritstjórnar af sérfræðingum sem best þekkja til á viðkomandi fagsviði. Mikill hluti þess starfs sem unnið er í tengslum við útgáfu Náttúrufræðingsins er í sjálfböðavinnu. Allir meðlimir ritstjórnar og stjórnar Hins íslenska náttúrufræðifélags sinna störfum fyrir félagið launalaust. Sömu sögu er að segja um fagaðila utan ritstjórnar sem fengnir eru til yfirlestrar.

Vegna smæðar íslensks samfélags er erfitt að koma upp stórum áskriftahópi að tímaritinu og þrátt fyrir mikið sjálfböðastarf rennur þorri félagsgjalda Hins íslenska náttúrufræðifélags til útgáfunnar. Við núverandi aðstæður er ljóst að aldrei fyrr hefur verið jafn mikil nauðsyn við útgáfu Náttúrufræðingsins að hvort tveggja komi til, hugsjónastarf velunnara og þátttaka félagsmanna og opinberra aðila í starfsemi Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Samrit sent:

Mennta- og menningarmálaráðherra
Umhverfisráðherra
Menntaskólanum í Kópavogi
Víðistaðaskóla, Bókasafni
Kvennaskólanum í Reykjavík, Bókasafni
Skólasafnamiðstöð v/Breiðholtsskóla
Grunnskólanum Ölfusi
Amtsbókasafninu á Akureyri

Bókasafni Suður-Þingeyinga
Héraðsbókasafni Borgarfjarðar
Héraðsbókasafni Rangæinga
Safnahúsinu á Húsavík
Bæjarbókasafni Ólafsfjarðar
Bókasafni Páls Jónssonar
Örnefnastofnun Íslands
Héraðsbókasafni V-Barðastrandasýslu